




LOFTMYND (loftmynd tekin af Loftmyndir ehf)

Eyrin á Ísafirði - deiliskipulag



Reitur 18 - Skólasvæði (Aðallega opinberar stofnanir)


Skipulagið gerir ráð fyrir lokun Austurvegar framan við aðalíngang Grunnskólans á skólatíma og einstefnu niður á öðrum tímum (einnig fyrir skólabílinn). Með þessu tengjast skólabýggingarnar betur saman og leiksvæði fyrir skólabörnin verður í götunni á skólatíma, einnig kemur Austurvöllur til með að nýtast þeim betur til útivistar. Gert er ráð fyrir fleiri bílastæðum í götu og nýrri innkeyrslu inn á bílastæði á baklóð milli íþróttahúss og tónlistarskóla. Áfram verður tvístefna á neðsta hluta götunnar.

Lagt er til að opnuð verði gönguleið á milli Gamla barnaskólans og aðalbyggingar Grunnskólans inn á skólalóðina og gamla skólahúsið verði gert upp og notað fyrir skrifstofur og sérkennslu.

Austurvöllur var hannaður af landslagsarkitekt (þeim fyrsta sem menntaði sig í faginu) um miðja þessa öld. Gróður þarfnast skjólgirðinga til að hann geti þrífist betur. Innkeyrslu milli garðsins og sundlaugarhússins er lokað og þá opnast möguleikar til að byggja við sundlaugina og jafnvel opna út í garðinn.

Tegund starfsemi:	Opinberar byggingar.
Fjöldi hæða:	2 - 3
Hám.nýtingarhlutfall:	1,0
Húsgærd:	Stakstæð og sambyggð

ELDRA DEILISKIPULAG mkv. : 1:2000



NÝTT DEILISKIPULAG mkv. : 1:1000

**Skipulagsskilmálar fyrir skólasvæði við Austurveg og Aðalstræti 36 á Ísafirði:**

Lóðin er tvískipt; lóðin við Austurveg er skráð 1020 m<sup>2</sup> en lóðin við Aðalstræti 36 er 2030 m<sup>2</sup>, þjóðskráúmer fyrir Austurveg er 05432500 og landnúmer 138-091, þjóðskráúmer fyrir Aðalstræti 36 er 00330360 og landnúmer 138-046. Aðkoma að lóðunum er frá Austurvegi, Aðalstræti og Skólögötu. Bílastæði eru við Austurveg og í nánasta umhverfi við skólann skv. teikningu. Vatn er fengið úr vatnskerfi Ísafjarðarbæjar og rafmagn er fengið frá Orkubú Vestfjarða. Heimilt er að girða lóðina og reisa skjólveggi en þó ekki hærr en 1,8 m á lóðarmörkum annarra lóða. Ekki er kunnugt um fornminjar á lóðinni. Komi annað í ljós skal framfylgja 10. og 13. gr. þjóðminjalaga sem samþykkt voru á Alþingi hinn 20.05.2001.

**Byggingaskilmálar:**

Heimilt er að sameina og stækka skólalóðirnar þannig að heildarstærðin verði 7205 m<sup>2</sup>. Lóðin verður þá 71,5 + 15,8 m á vesturhluta lóðarinnar, 107,6 m á norðurhlutanum, 46,2 + 42,3 m á austurhluta og 44 + 42,9 + 17,6 m á suðurhluta lóðarinnar. Rífa má tengibýggingu á milli „Gamla barnaskólans“ og „Nýja barnaskólans“ og hluta „Gamla barnaskólans“ sem ekki er friðaður. Einnig má rífa húseignirnar innan skipulagssvæðisins við Sifurgötu 5 og Brunngötu 20. Heimilt er að færa hluta Brunngötu út að austurhluta skipulagssvæðisins sem tengist þá Skólögötu. Á skólalóðinni má byggja viðbyggingu innan byggingarreits sem er kjallari, 1.hæð og 2.hæð við núverandi hús og má það vera áfast núverandi skólabýggingum. Viðbyggingin má vera 56 x 20 metrar eða að hámarki 3500 m<sup>2</sup> og heimilt er að byggja aðra viðbyggingu innan lóðar allt að 2600 m<sup>2</sup> á 2 hæðum. Mælt er með því að viðbyggingin verði úr staðsteyptri steypu og kalli fram hlufóll, ásynd og lit aðalhússins. Núverandi stærð skólahúsnæðisins er 3591,8 m<sup>2</sup>, eftir stækkun má skólahúsnæðið vera 6200 m<sup>2</sup>. Mælt er með sléttu þaki og að halli verði að lágmarki 2°. Hæsti punktur þaks verði ekki hærr en 9,5 m yfir aðalgólf. Við útrúnn langvegga verði hæsta leyfilega hæð 8 m yfir aðalgólf. Varðandi pakhæðir er miðað við hæð undir ystu klæðningu. Fylgt skal öllum brunamálaákvæðum byggingarreglugerðar.

Gerð verði afstöðumynd af lóðinni þegar fyrirhugað er að byggja. Þar verði gerð grein fyrir staðsetningu viðbyggingarinnar innan byggingarreits.

**Lyklar:**

Mörk skipulagssvæðis	—
Lóðarmörk	—
Eldri lóðarmörk	—
Byggingarreitur	—
Leyfileg viðbygging síðar	—
Eldri hús	—

Deiliskipulag þetta er unnið á teiknigrunn frá Tækniideild Ísafjarðarbæjar. Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðar; dags:\_\_\_\_\_

# Deiliskipulag fyrir skólasvæði við Austurveg og Aðalstræti 36 á Ísafirði

Unnið af: Arkiteo ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík. Sími: 534 3699. netfang: arkiteo@arkiteo.is. Einar Ólafsson, arkitekt.